

**Ed.**

**76. Frumvarp til laga**

[70. mál]

um starfskjör launþega o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

**1. gr.**

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launþega í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launþega og vinnuveitenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

**2. gr.**

Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Vinnuveitendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótfamlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

Nú hefur annar háttur verið á hafður um greiðslu iðgjalda en lög þessi ákveða fyrir gildistöku þeirra, og er þá heimilt að halda honum áfram.

### 3. gr.

Öllum vinnuveitendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarféлага iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

### 4. gr.

Iðgjaldskröfur skv. 2. gr. laga þessara skulu njóta forgangsréttar í þrotabú vinnuveitanda til jafns við kröfur skv. a-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 frá 12. apríl 1878, en iðgjaldakröfur skv. 3. gr. til jafns við kröfur skv. 5. tölulið b-liðar sömu greinar.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Um 1. gr.

Það mun almenn skoðun, að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um kaup og kjör séu bindandi fyrir alla vinnuveitendur og launþega án tillits til þess, hvort þeir eru aðilar að samtökum þeim, sem undirrita kjarasamninga, eða ekki. Nýlegir hæstaréttardómar, 1971 bls. 646 og 1972 bls. 523, benda hins vegar til þess, að þessi skoðun orki tvímælis. Yrði litið svo á, að vinnuveitendur og launþegar, sem ekki eru beinir aðilar að kjarasamningum, væru óbundnir af þeim, mundi það skerða rétt launþega til ávinnings fyrir vinnuveitanda, því að launþega, sem ræðst til vinnu, er sjaldnast um það kunnugt, hvort vinnuveitandi hans er beinn aðili að kjarasamningum. Meðan ekki hefur tekist að tryggja fullkomið atvinnuöryggi um land allt, er sú hættu alltaf fyrir hendi, að vinnuveitendur noti sér aðstöðu sína með því að skammta þeim naumari rétt en kjarasamningar kveða á um. Mikil eftirspurn húsmæðra eftir hálf dags vinnu eða ígripavinnu býður einnig þessari hættu heim. Fyrir þetta er 7. gr. laga nr. 80/1938 ætlað að girða, en þar sem vafi leikur á því, eins og áður segir, að hún tryggi rétt allra launþega, þykir nauðsyn til héra að útiloka þann vafa.

### Um 2. og 3. gr.

Sjóðir þeir, sem stéttarfélögin hafa á undanförunum árum samið um, að komið yrði á fót, lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og orlofssjóðir, gegna nú þegar mikilsverðu félagslegu og menningarlegu hlutverki. Það hlutverk mun fara mjög vaxandi á komandi árum, og ber löggjafarvaldinu tvímælalaust skylda til að tryggja öllum launþegum aðild að þessum sjóðum, svo að ekki skapist verulegt misrétti milli launþega innbyrðis. Í hæstaréttardómi frá 1971, bls. 646, varð niðurstaða sú, að atvinnurekanda, sem stóð utan samtaka vinnuveitenda og hafði í þjónustu sinni ófélagsbundið starfsfólk, væri óskylt að greiða iðgjöld til sjúkrasjóðs og orlofs-sjóðs viðkomandi stéttarfélags, og verður að ætla, að sama eigi við um móttframlag hans til lífeyrissjóðs. Þarna er því opin leið fyrir ýmsa hina smærri atvinnurekendur til að spara sér verulegt fé, þ. e. allt að  $7\frac{1}{2}$  viðbót við útborguð laun verka-fólks, með því að standa sjálfir utan samtaka vinnuveitenda og að því tilskildu að starfsfólk þeirra standi af einhverjum ástæðum utan launþegasamtakanna, en slíkt mundi oft vera tiltölulega algengt, t. d. þar sem um hálf dags störf er að ræða.

Rétt er að vekja athygli á því, að þetta skapar ekki aðeins misrétti milli launþega, heldur einnig og ekki síður meðal vinnuveitenda. Verðlagsákvæði taka mið af eðlilega reknu fyrirtæki, sem greiðir öll þau gjöld, sem fyrirtækið almennt

almennt greiða. Hér skapast því möguleiki fyrir andfélagslega sinnaða atvinnurek-  
endur til að auðga sjálfa sig á kostnað launþega í skjóli löggjafarinnar.

Varðandi 2. mgr. 2. gr. skal það tekið fram, að í a. m. k. einum lífeyrissjóði er sá háttur á hafður, að sjóðfélagar greiða sinn hluta iðgjaldsins sjálfir til sjóðs-  
ins, og þykir rétt að heimila, að sá háttur megi haldast.

Um 4. gr.

Rétt þykir, að lögin geymi skýlaus ákvæði um stöðn iðgjalda til sjóðanna í  
skuldaröð í þrotabúi vinnuveitanda.